

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar skal heimilt að taka sýnishorn úr aflanum.

Athygli skal vakin á því, að lágmarksstærð sildar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. Briem.

31. marz 1970.

Nr. 58.

AUGLÝSING

um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild skv. 13. tl. 3. gr. laga nr. 1 1970, um tollskrá og fleira, til að lækka aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, sem hér segir:

| Tollskrár- númer | Vörulýsing | Tollskr.- tollur | EFTA- tollur |
|---------------------|--|---------------------|-----------------|
| 39.07.89 | Plastumbúðir fyrir skuggamyndir | 50% | 35% |
| 48.09.00 | Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt | 20% | |
| 48.21.09 | Myndarammar úr pappa | 50% | 35% |
| 60.04.04 | Sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, ef að verðmæti er meira en DM 15 pr. stk., eða jafnvirði þess í annarri mynt .. | 35% | 25% |
| 62.05.02 | Björgunar- og slysavarnartæki | 0 | |
| 62.05.09 | Skóskraut úr taui | 10% | |
| 84.40.09 | Ýfingarvél fyrir þrjónles | 7% | |
| 89.01.21 | Björgunarbátar | 0 | |

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

6. apríl 1970.

Nr. 59

AUGLÝSING

um mat á vinnuvélum til tollverðs.

Þegar verktaki, sem tekið hefur að sér verk fyrir ríkið eða annan opinberan aðila hér á landi, flytur hingað til lands vélar eða tæki, sem nota skal við framkvæmd verksins, skal um mat til tollverðs á vélum og tækjum fara samkvæmt því, sem hér á eftir segir:

1.

Leggja skal til grundvallar eðlisverð (normalverð) hinna tollskyldu muna, eins og það er skilgreint í 5. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1 11. febrúar 1970, sbr. og 6. gr. og 4. mgr. 18. gr. sömu laga.